

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Iðjubjálfafélags Íslands

1. Inngangur

1.1 Samningur þessi er gerður á grundvelli gildandi samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningum Iðjubjálfafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Samningurinn hefur verið uppfærður í samræmi niðurstöður áfangasamkomulags Fjármála- og efnahagsráðherra og Iðjubjálfafélags Íslands frá 13. desember 2023.

1.2 Aðilar að samkomulagi þessu eru Sjúkrahúsið á Akureyri og Iðjubjálfafélag Íslands.

2. Skilmerki um flokkun starfa

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum iðjubjálfa auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklýsingar og að öðru leyti mat á störfunum er byggja á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa.

3. Grunnröðun starfa

3.1 Almennar forsendur röðunar

Samningur þessi nær til ákveðinna starfaflokka sem eru skilgreindir og raðað í launaflokka. Tekið er mið af því að til að öðlast starfsréttindi sem iðjubjálfi þarf 60 ECTS eininga diplómanám á meistarastigi til viðbótar við 180 ECTS einingar til BS gráðu í iðjubjálfunarfræði, samtals 240 ECTS einingar. Starf iðjubjálfa raðast því einum launaflokki hærra, að lágmarki en störf sem einungis krefjast grunnmenntunar (BS/BA). Ef grunnkrafa starfsins, samkvæmt starfslýsingu er meistaraþróf þá raðast starfið að lágmarki tveimur launaflokkum hærra en grunnmenntun og við doktorsþróf þremur launaflokkum hærra.

Í skilgreiningum á störfum iðjubjálfa er lagt til grundvallar að draga fram grunnkröfur starfsins, ábyrgð, helstu þætti og starfsþróun. Í lýsingu á einstökum störfum er leitast við að takmarka endurtekningar, þó svo að þær kröfur sem koma fram í efnisatriðum hvers starfs fylgi að sjálfsögðu með í næsta starfaflokki.

3.1 Starfaflokkar og lágmarksröðun

Við lágmarksröðun í launaflokka hefur verið gert ráð fyrir viðbótarnámi ofan á grunnmenntun, það er 60 ECTS einingum til starfsréttinda.

• Iðjubjálfi A	launaflokkur 9
• Iðjubjálfi B(B2)	launaflokkur 10(10-1)
• Iðjubjálfi C	launaflokkur 11

Við ákvörðun um það í hvaða starfaflokk iðjubjálfi raðast er miðað við færni hans til þess að sinna þeim verkefnum sem leysa þarf á viðkomandi starfseiningu. Við mat á þessari færni er í fyrstu miðað við starfsreynslu viðkomandi iðjubjálfa eftir að hann hefur öðlast starfsréttindi og mætir kröfum starfsins og stofnunarinnar. Iðjubjálfi færast á milli starfs A, byrjandi í starfi og starfs B, sjálfstæður í starfi eftir að hann hefur unnið tólf mánuði.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Iðjubjálfafélags Íslands

Iðjubjálfi færist síðan milli starfablokka eftir mati á þeirri kunnáttu og sérhæfingu sem hann hefur náð. Í megindráttum er miðað við að hann hafi öðlast þá færni að geta leyst öll þau verkefni sem eru í skilgreiningum fyrir starfið. Iðjubjálfinn færist á milli starfa eftir umsókn þar að lútandi til samstarfsnefndar SAK.

3.2 Nánari skilgreiningar á störfum

Iðjubjálfi A - Byrjandi í starfi - (launaflokkur 9)

Grunnkröfur:

Starfsréttindi sem iðjubjálfi og íslenskt starfsleyfi frá Embætti landlæknis. Iðjubjálfinn er að hefja störf í fagi sínu og hefur einungis lokið vettvangsnámi sem hluta af háskólanámi.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum iðjubjálfa samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fags, starfseiningar og stofnunar.

Helstu þættir:

Almenn verkefni:

- Iðjubjálfi nýtur tilsagnar reynds fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.
- Tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu.

Iðjubjálfi B - Sjálfstæður í starfi - (launaflokkur 10)

Grunnkröfur:

Hefur tólf mánaða starfsreynslu og getur leyst af öryggi flest öll verkefni starfseiningar án beinnar tilsagnar.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum iðjubjálfa samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fags, starfseiningar og stofnunar.

Helstu þættir:

- Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja.
- Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir.
- Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsfólki og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags innan deildar og er þátttakandi í gæðastarfi.
- Leiðbeinir jafningjum um efni sem tengist grunnþekkingu fags.

Iðjubjálfi sem hefur starfað í tvö ár sem iðjubjálfi B raðast í starfi B2 (launaflokkur 10-1)

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Iðjubjálfafélags Íslands

Iðjubjálfi C - Fær í starfi - (launaflokkur 11)

Grunnkröfur:

Hefur að lágmarki fimm ára starfsreynslu í faginu og getur leyst af hendi öll verkefni þess. Er mjög fær í starfi, skipuleggur og leysir sjálfstætt öll verkefni sem í því felast.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum iðjubjálfunar samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fags, starfseiningar og stofnunar.

Helstu þættir:

- Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja.
- Er leiðandi í ákvarðanatöku flókinna endurhæfingar og er fær um að skipuleggja störf annarra starfsmanna og útteila verkefnum.
- Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsfólki og nemum.
- Er ráðgjafi varðandi val og endurnýjun á hjálpartækjum og öðrum búnaði á sinni einingu.
- Tekur virkan þátt í þróun fags innan deildar og er þátttakandi í gæðastarfi.
- Færni til þess að takast á við margþætt og fjölbreytt verkefni sem krefjast reynslu og færni í öllum þáttum í starfsemi starfseiningar/starfs og krefjast þess að iðjubjálfi sýni frumkvæði og sjálfstæði og sé leiðandi í starfi.
- Hefur víðtæka þekkingu sem byggir á viðamikilli og fjölbreyttri reynslu og sí- og endurmenntun.

4. Sérverkefni (1- 2 viðbótarlaunaflokkar)

Auk almennra starfa eru skilgreind sérverkefni sem byggja á því að starfsmaður geti fengið 1-2 launaflokka ofan á lágmarksröðun launa sinna fyrir umsjón með sérstaklega skilgreindum verkefnum eða ábyrgð, sem fellur utan hefðbundinna starfa.

Skilyrði er að starfið sé skilgreint í starfslýsingu og/eða erindisbréfi og staðfest af viðkomandi forstöðumanni. Slík störf skulu hafa upphafs- og lokatíma, þó ekki lengri tíma en 24 mánuði í senn.

4.1 Nánari skilgreining á sérverkefnum

Grunnkröfur:

Gerð er krafa um sérstaka færni í starfi, sérþekkingu og reynslu á sviði ákveðinna málaflokka. Einnig er gerð krafa um skipulagshæfileika, reynslu af stjórnun og færni í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að starfsmaður hafi viðbótarmenntun eða hafi sýnt sérstakt frumkvæði og áhuga á viðkomandi verkefni/málaflokki.

Ábyrgð:

Starfsmaður ber ábyrgð sem skilgreind er í starfslýsingu/erindisbréfi þar sem m.a. skal skýrt tekið fram um verksvið og valdmörk starfsins.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Iðjubjálfafélags Íslands

Helstu þættir

Starfið þarf að fela í sér tvo eða fleiri af neðangreindum þáttum:

- Umsjón og ábyrgð á þjónustu og fagþróun í ákveðnum málflokki/-flokkum eða við ákveðna starfseiningu/einingar.
- Umsjón og ábyrgð á þróunarvinnu, gæðastjórnun, breytingastjórnun og innleiðingu nýjunga t.d. nýrra meðferðarúrræða eða tækni.
- Umsjón og ábyrgð á gerð og uppfærslu verkferla
- Stjórnun starfsmanna samkvæmt sérstöku umboði yfirmanns eða sem staðgengill yfirmanns s.s. verkstjórn, skipulagningu og samræmingu á vinnu starfsmanna á einingu/einingum samkvæmt stjórnskipuriti.
- Ábyrgð á faglegri þróun, þátttöku í þverfaglegri vinnu og í skipulagningu og stefnumótun.
- Þátttaka í ráðningu starfsfólks til einingarinnar/eininganna. Umsjón með og ábyrgð á aðlögun nýrra starfsmanna.
- Skipulagningu og umsjón með kennslu nemenda.

5. Hæfni

Auk færslu milli starfa og þar með launaflokka (lóðréttur ás í launatöflu) getur iðjubjálfi fengið álagsþrep fyrir hæfni (láréttur ás í launatöflu). Hæfni er metin til hækkunar um allt að 3 álagsþrep samanlagt af viðkomandi launaflokki. Iðjubjálfi sækir um álagsþrep til samstarfsnefndar SAK. Álagsþrepin eru ákvörðuð eftir mati næsta yfirmanns á hæfni í vinnubrögðum.

5.1 Skipting álagsþrepa

Aukin hæfni í vinnubrögðum

Sjálfstæði	1 þrep
Frumkvæði	1 þrep
Góður árangur	1 þrep

Samtals 3 þrep

5.2 Nánari skilgreining og mat á einstökum þáttum

Aukin hæfni í vinnubrögðum

Þættir er lúta að mati á aukinni hæfni í vinnubrögðum, þ.e. sjálfstæði, frumkvæði og góðum árangri eru metnir í samtali við næsta yfirmann á þar til gerðum eyðublöðum sem aðgengileg eru á innri vef sjúkrahússins. Mest er hægt að fá þrjú álagsþrep vegna aukinnar hæfni.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Iðjubjálfafélags Íslands

6. Formleg menntun og námskeið

Iðjubjálfar geta fengið að hámarki 6 þrep fyrir viðbótarmenntun sem nýtist í starfi og að hámarki 1 þrep fyrir námskeið og fagráðstefnur.

6.1 Skipting álagsþrepa

Námskeið og fagráðstefnur 180 stundir	1 þrep
Diplómanám 30 ECTS sem nýtist í starfi	1 þrep
Diplómanám 60 ECTS sem nýtist í starfi	2 þrep
Meistaránám 120 ECTS sem nýtist í starfi	4 þrep
Doktorsnám sem nýtist í starfi	6 þrep

Samtals 7 þrep

6.2 Nánari skilgreining og mat á einstökum þáttum formlegrar menntunar og námskeiða

Námskeið og fagráðstefnur

Skipulögð námskeið/fagráðastefnur sem nýtast í starfi gefa iðjubjálfa eitt álagsþrep á laun sín. Námskeiðin/fagráðastefnurnar skulu að lágmarki vera 6 kennslustundir eða hálf eining hvert samtals 180 stundir. Skilyrði er að sýnt sé fram á viðveru með staðfestu skjali.

Diplómanám 30 ECTS einingar

Þegar iðjubjálfi hefur lokið formlegu diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi fær hann eitt álagsþrep enda sé námið a.m.k. 30 ECTS.

Diplómanám 60 ECTS einingar

Þegar iðjubjálfi hefur lokið formlegu diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi fær hann tvö þrep enda sé námið a.m.k. 60 ECTS. Ef starfsmaður hefur áður fengið þrep fyrir diplómanám sem er 30 ECTS einingar fær hann eitt álagsþrep til viðbótar.

Að meginstefnu skal við það miðað að um samfellt nám sé að ræða. Ljúki starfsmaður tveimur 60 ECTS eininga diplómagráðum innan fags skal launa hann með fjórum þrepum. Ekki er hægt að fá fleiri þrep fyrir diplómanám og diplóma á öðrum sviðum en á sviði iðjubjálfunar eða af heilbrigðisvísindasviði.

Meistaránám

Þegar starfsmaður hefur lokið meistaránámi fær hann tvö þrep sem koma til viðbótar við þau þrep sem viðkomandi fékk fyrir diplómanám hafi það verið undanfari meistaránámsins. Sá sem lýkur meistaránámi en hefur ekki fengið þrep vegna diplómanáms fær fjögur þrep ofan á grunnröðun sína. Meistaránám skal vera 120 ECTS eininga nám að lágmarki.

Doktorspróf

Þegar starfsmaður hefur lokið doktorsprófi fær hann tvö álagsþrep til viðbótar við þau þrep sem hann hefur áður fengið fyrir meistaránámið sitt.

Umsóknir um þrep vegna viðbótarnáms eða námskeiða fara til samstarfsnefndar sem ákvarðar um málið eftir þeim gögnum sem nefndinni berast. Áriðandi er að skila vottuðum og dagsettum gögnum um fjölda eininga og stunda.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Iðjubjálfafélags Íslands

7. Réttur til endurmats á röðun

Starfsmaður á rétt á endurmati á grunnröðun starfsins telji hann að forsendur röðunar hafi breyst. Jafnframt á hann rétt á upplýsingum um forsendur röðunar. Slíkt endurmat getur farið fram allt að einu sinni á ári. Við matið skal taka tillit til breytinga á starfi og starfssviði frá því starfið var metið síðast. Skriflegu rökstuddu erindi hér að lútandi skal beina til samstarfsnefndar SAK. Ágreiningsmálum vegna framkvæmdar stofnanasamningsins skal skotið til samstarfsnefndar SAK og IPÍ.

Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 01.09.2023 og gildir fyrir alla iðjubjálfa á Sjúkrahúsinu á Akureyri sem starfa og njóta ráðningakjara samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Samningur þessi er rafrænt undirritaður.

Undirritunarsíða

Sandra Guðrún Harðardóttir

Framkvæmdastjóri mannauðssviðs SAK
Erla Björnsdóttir

Formaður Iðjupjálfafélags Íslands
Þóra Leósdóttir